

**Nr. 18-079 S 054 Garðar Jörundsson*****Eldur um borð***

Skipaskr.nr: 2879  
Smíðaður: Noregur 2007, stál  
Útgerð: Arnarlax ehf  
Stærð: 54,62 bt  
Mesta lengd: 14,98 m  
Breidd: 8 m Dýpt: 2,22 m  
Vél: 2 x IVECO, 398 kW, 2006.  
Fjöldi skipverja: 2



Garðar Jörundsson©Víkingur Gunnarsson

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. maí 2018 var vinnuskipið Garðar Jörundsson á siglingu frá Patreksfirði áleiðis til Tálknafjarðar. Veður: SV 9-12 m/s.

Á siglingunni þegar skipið var stutt tvær sjómílar út af Tálkna yfirhitnaði bb. aðalvélina það mikið að skipstjórinn drap á henni og sneri til hafnar á Patreksfirði með stb. aðalvél.

Á leið til hafnar kom upp reykur úr stb. vélarúminu og brunaviðvörðunarkerfi fór í gang. Skipverjarnir lokuðu loftrásur fyrir vélarúmið og gangsettu slökkvikerfið. Björgunarskipið Vörður dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

Eftir að komið var til hafnar opnuðu slökkviliðsmenn niður í vélarúmið en við það blossaði eldur upp aftur sem þeim tókst að slökkva.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipið, sem er tvíbytna, er með tvær aðalvélar og tvö vélarúm;
- að upptök eldsins voru í klæðningu á afgangrein fyrir stb. aðalvél þar sem hún lá í stökk undir þilfari milli skipsbolanna;
- að í rýminu voru einnig glussalagnir og ekki útilokað að olíusmit hafi komist í klæðninguna;
- að einangrunin á afgangreininni var steinull sem vafin var með vírneti;

- að afgasmælir á stb. aðalvélinni var bilaður þannig að skipstjórinn átti erfitt með að sjá hver afgashitinn var og var vélin því keyrð á of miklu álagi;
- að í viðgerð var þilfarið opnað að ofan til að komast að afgangsgreininni. Hún var einangruð upp á nýtt með steinull og vafin með hitaþolnum dúk;
- að fram kom hjá skipverjum að þéttingar á mannopi í stb. vélarúmi voru óþéttar.

***Nefndarálit:***

Orsök atviksins var sú að afgasmælir var bilaður og siglt undir of miklu álagi.